

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 1138 (30.1.2025) - Frá Matvælaráðuneytinu; Úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga 2024-2025 Dalvíkurbyggð

Málsnúmer : 202501104

Málsaðili : Matvælaráðuneyti

Niðurstaða (stutt) : Samþykkt

Fundardagur : 30.01.2025

Inngangur : Með fundarboði byggðaráðs fylgdi erindi frá Matvælaráðuneytinu, dagsett þann 22. janúar 2025, þar sem gert er grein fyrir úthlutun byggðakvóta innan Dalvíkurbyggðar.

Samtals er eftirfarandi til ráðstöfunar fiskveiðiárið 2024/2025:

Árskógssandur 84,339 þorskígildistonn.

Dalvík 27,468 þorskígildistonn.

Hauganes 30,00 þorskígildistonn.

Þess er óskað að sveitarstjórnir sem ekki hafa fyrirhugað að senda ráðuneytinu tillögur að sérreglum sendi ráðuneytinu staðfestingu um slíkt. Í þeim tilvikum þar sem þess er óskað að leggja fram tillögur að sérreglum er sveitarstjórn gefinn kostur á að senda ráðuneytinu tillögur til 21. febrúar nk.

Niðurstaða : Byggðaráð samþykkir samhljóða með 3 atkvæðum að fela sveitarstjóra að afla upplýsinga á milli funda frá Fiskistofu um forsendur að baki úthlutunar byggðakvóta innan Dalvíkurbyggðar þar sem byggðakvótinn lækkar um 150 þorskígildistonn á milli ára.